

## Íbúaráð Laugardals

Ár 2024, mánudagurinn, 11. mars, var haldinn 44. fundur íbúaráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Laugardalslaug og hófst kl. 16.33. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Atli Stefán Yngvason, Birna Hafstein, Grétar Már Axelsson, Sigurlín Ósk Hrafnisdóttir og Þorleifur Örn Gunnarsson. Fundinn sátu einnig Arna Hrönn Aradóttir, Kristinn Jakob Reimarsson og Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

- Fram fer kynning á uppbyggingu Þjóðarhallar í Laugardal. MSS22080037  
Jón Arnór Stefánsson og Helgi Geirharðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
  - Kl. 16.43 tekur Lilja Sigrún Jónsdóttir sæti á fundinum.
  - Kl. 17.25 vísar Birna Hafstein af fundi.
- Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 4. mars 2024, um opnun fyrir umsóknir í Hverfissjóð Reykjavíkurborgar. MSS23030157
- Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
- Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Íbúaráð Laugardals óskar eftir upplýsingum um brunaáætlanir fyrir borgarhlutann Laugardal og aðlæg hverfi. 1. Hver eru ferlin við uppfærslur brunaáætlana þegar breytingar verða á landnýtingu við þéttingu byggðar? 2. Er aðlögunartími (brotflutningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hætta fyrir íbúa eða fyrirtæki. 3. Hafa brunaáætlanir verið uppfærðar fyrir Vogabyggð, Kirkjusand og önnur uppbyggingasvæði í hverfinu. MSS24030064

Greinargerð fylgir fyrirspurninni.

Vísað til umsagnar Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðisins bs.

### Fundi slitið kl. 18:10

Atli Stefán Yngvason

Þorleifur Örn Gunnarsson  
Grétar Már Axelsson

Lilja Sigrún Jónsdóttir  
Sigurlín Ósk Hrafnisdóttir